



## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 30. Maí 2017 á Kjóavöllum.

9. fundur

Fundur hófst kl. 17:15

Mættir: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Sigurður Tyrfingsson, , Ragna Emilsdóttir, Helga Hermannsdóttir, Hermann Vilmundarson og Magnús Benediktsson framkv.stj.

Kristín Njálisdóttir, Berglind Guðmundsdóttir boðuðu forföll.

Á þessum níunda fundi stjórnar var eftirfarandi tekið fyrir:

1. Síðustu tvær fundargerðir samþykktar.
2. Tekið fyrir erindi frá Arnari Heimi Lárussyni sem sent var fyrir hönd nokkura félagsmanna um heimild að veita farandbikar á Íþróttamót Spretts í minningu Jónínu Guðbjargar (Nínu í Topphestum). Bikarinn yrði veittur einstakling, í yngri flokkum, fyrir fyrirmyndarreiðmennsku og snyrtimennsku en Nína lagði ávallt áherslu á að hafa hestana vel hirta og umgangast þá af virðingu. Fjöldinn allur af einstaklingur byrjaði reiðmennsku Jónínu og Rabba í Topphestum og er því vel við hæfi að gefa slíkan bikar. Stjórn Spretts fagnar þessu framtaki og veitir að sjálfsögðu heimild til þessa.
3. Gamanferðir óska eftir samstarfi við Hestamannafélagið Sprett í formi samstarfssamning.
4. Tekið fyrir erindi frá Snorra Traustasyni vegna tónleika og er framkvæmdastjóri félagsins búinn að svara erindinu.
5. Umræða um fyrirhugað mótahald.
6. Framkvæmdastjóri félagsins gerði grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum á svæðinu, meðal annars viðhald keppnisvallar í Skeifu og reiðhallar. Framkvæmdastjóri er jafnframt að ganga frá samning um slátt á félagssvæðinu þetta sumarið.
7. Niðurstaða á uppgjöri vegna Kvennatölts kynnt stjórn.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:00

Fundargerð ritaði Ragna Emilsdóttir.